

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
v. Austurvöll
150 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 1. apríl 2025

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti), 89. mál – tillaga að breytingu

Í minnisblaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 19. mars 2025, um framangreint mál er lögð fram hugmynd að breytingartillögu nefndar um virkjunarleyfi til bráðabirgða.

Í samræmi við tölvupóst frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 25. mars sl., veitir Samorka hér með umsögn um framangreinda tillögu ráðuneytisins.

Virkjunarleyfi til bráðabirgða

Samorka telur að vel fari á því að raforkulög hafi að geyma heimild til útgáfu á virkjunarleyfi til bráðabirgða og tekur undir tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis eins og hún birtist í viðauka með minnisblaði ráðuneytisins frá 19. mars sl.

Til að gæta samræmis við ákvæði raforkulaga að öðru leyti er þó rétt að í ákvæðinu verði notað orðið „virkjunarleyfi“ í stað „virkjanaleyfis“ og vísað verði til „umsækjanda“ eða „leyfishafa“ í stað „rekstraraðila“.

Þá telur Samorka rétt að hugað verði að orðalagi í 3. mgr. tillögunnar um að skilyrði fyrir því að unnt sé að óska eftir bráðabirgðaheimild sé að fullnægjandi umsókn um virkjunarleyfi liggi fyrir. Sé óskað eftir bráðabirgðaheimild vegna þess að virkjunarleyfi hefur verið fellt úr gildi með dómi og málinu hefur verið áfrýjað og beðið eftir niðurstöðu æðra dóms, þá er vart hægt að líta svo á að „fullnægjandi umsókn um virkjunarleyfi liggi fyrir“. Þannig væri skynsamlegra að orða ákvæðið þannig: „Skilyrði fyrir því að unnt sé að óska eftir bráðabirgðaheimild samkvæmt grein þessari er að umsókn um virkjunarleyfi liggi fyrir eða hafi áður verið samþykkt af Umhverfis- og orkustofnun. Í umsókn um bráðabirgðarheimild skal tilgreina skýrt tilgang, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma heimildarinnar.“

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á mikilvægi þess að sams konar bráðabirgðaheimild nái einnig til framkvæmdaleyfa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Enda má gera ráð fyrir að falli virkjunarleyfi úr gildi, þá falli jafnframt úr gildi þau framkvæmdaleyfi sem voru grundvölluð á virkjunarleyfinu. Sé gefið út virkjunarleyfi til bráðabirgða þarf að vera heimild til að gefa út sams konar framkvæmdaleyfi eða tryggja að fyrra framkvæmdaleyfi haldi gildi sínu.

Breyting á 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011

Í minnisblaði ráðuneytisins er lögð til ný útgáfa af b-lið 2. mgr. þar sem lagt er til að taka skuli mið af faglegu mati verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar við mat Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Samorka vísar í þessu sambandi til fyrri umsagnar sinnar um að horft verði til þess að útvíkka ákvæðið á þá leið að allar framkvæmdar um endurnýjanlega orku eða tengdar framkvæmdir teljist í þágu brýnna almannahagsmuna, þar til kolefnishlutleysi er náð.

Tillaga Samorku að breyttu orðalagi 2. gr. b. í frumvarpinu er svohljóðandi: *en sé um að ræða virkjunarframkvæmd um endurnýjanlega orku eða tengdar framkvæmdar á flutnings- eða dreifikerfi, telst þetta skilyrði uppfyllt.*

Lokaorð

Samorka þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um málið. Við erum að sjálfsgöðu reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum Samorku.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur